

Inngangur

Dagana 14.-15. september 2020 gerðu þær Gunnhildur Harðardóttir og Svanhildur María Ólafsdóttir fulltrúar Menntamálastofnunar úttekt á starfsemi Grunnskóla Drangsness.

Þeir þættir sem voru skoðaðir voru stjórnun og fagleg forysta, nám og fagleg kennsla og innra mat. Niðurstöður úttektarinnar voru settar fram í skýrslu sem var birt í október 2020 og kynntar fyrir öllum hagsmunaaðilum í kjölfarið.

Starfsmenn skólans fóru yfir þá þætti sem þörfuðust úrbóta og komu fram með sínar hugmyndir um umbætur. Í framhaldi af því unnu þáv. skólastjóri Guðný Rúnarsdóttir ásamt Mörtu Guðrúnu Jóhannesdóttur kennara við skólann, Arnlín Óladóttur fulltrúa sveitarstjórnar, Kristínu Einarsdóttur formanni fræðslunefndar ásamt Vigdís Eiradóttur ritara fræðslunefndar úr tillögum starfsmanna og umbótaáætlun var sett fram.

Meðfylgjandi er nýtt endurmat á umbótaáætluninni sem er frá árinu 2021 en síðan þá hafa m.a. orðið breytingar í starfsliði skólans og enginn starfsmaður enn starfandi síðan þá. Umbótaáætlun var síðast skilað inn til Menntamálastofnunar í júní 2024. Um er að ræða fjórðu og vonandi síðustu umbótaáætlun síðan úttektin var gerð, enda flestum þáttum náð og allir þættir sem ekki hafa náðst eru í vinnslu og tímasettir. Umbótaáætlunin er á sama formi og skýrslan og koma tillögur til úrbóta fyrir í sömu röð. Þeim umbótaþáttum sem eru í vinnslu en er ekki lokið eru feitletraðir.

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/a	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²</u>					
Endurskoða með öllum hagsmunaaðilum a) stefnu skólans b) skólanámskrá þ.m.t: c) skólareglur og viðurlög d) Starfsáætlun	a) Opinn fundur um stefnu skólans og skólanámskrá b) Endurskoða skólanámskrá c) Skólareglur og viðurlög d) Starfsáætlun	a) apríl. 2021 b) haust 2022 c) jan. 2020 d) haust 2021	a) haust 2021. b) vor 2022 c) okt 2022 d) haust 2021.	Skólastjóri og kennarar	a) Á fjögurra ára fresti, næst 2025 Verið er að vinna í nýrri skólastefnu sem taka mun gildi í jan. 2026 og þá hefst innleiðingarferli stefnunnar. b) Á fjögurra ára fresti, næst 2026. Áætlað var að skólanámskrá væri næst endurskoðuð 2026, en vegna nýrrar aðalnámskrár og nýrrar skólastefnu verður þeirri vinnu flýtt og

¹ Skólar gætu einnig viljað leggja áherslu á að þróa og viðhalda styrkleikum.

² Bætið við línun eftir þörfum.

					verður endurskoðuð haust 2025. c) Árlega, næst haust 2025 d) Árlega, næst haust 2025
Sveitarfélagið setji almenna stefnu um leik- og grunnskólahald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Skólastjóri og kennari vinna verkáætlun fyrir gerð skólastefnu fyrir sveitarfélagið. Samþykkt í sveitarstjórn 28.2.24	a. Verkáætlun v. Skólastefnu gerð. Samþykkt í sv.stj. 28.2.24 b. Kynning og íbúafundir um nýja skólastefnu. c. Vinnufundir verkefnastjórnar, kannanir, rýnivíðtöl, skrif skólastefnu. d. Sveitarstjórn samþykkir og tekur í gildi nýja skólastefnu fyrir sveitarfélagið. e. Innleiðing á nýrri skólastefnu.	a. haust 2023 b. haust 2024 c. haust 2024 d. haust 2025 e. jan 2026	a. haust 2023 b. haust 2024 c. haust 2025, skólastefna tilbúin til kynningar d. haust 2025 e. jan 2027	a Skólastj. og kennari. b.Fræðslunefnd sv.stjórn, verkefnisstj. og sk.stjóri. c. verkefnisstj. og sk.stjóri. d.Fræðslunefnd sv.stjórn, e.Fræðslunefnd sv.stjórn, verkefnisstj. og sk.stjóri og kennarar.	Endurskoðun á nýrri skólastefnu yrði 2030

Skólaráð setji sér starfsáætlun og fundargerðir verði opinberar	Starfsáætlun gerð að hausti hvert ár. Fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu skólans.	feb. 2021	des. 2021 des. 2022 nóv. 2023	Skólastjóri og skólaráð	Árlega Næst haust 2025
Skrá verklag um á hvern hátt gögn um árangur og líðan eru nýtt í námi og kennslu.	Skrifa niður verklag, hvernig við bregðumst við og nýtum líðankönnun. Funda í kjölfar líðankannana og annara skimana og samr. prófa. Funda í kjölfar foreldraviðtala. Komið í Starfsáætlun í kafla: Áætlun um Innra mat. Verklag um þjónustu utan hrepps samið, komið inn í Starfsáætlun undir „Sérkennsla og önnur stoðþjónusta“ bls. 16.	feb. 2021	haust 2023	Skólastjóri og kennarar	Árlega Næst haust 2025
Skrá og upplýsa foreldra, nemendur og aðra hagsmunaaðila um árangur í skólastarfi.	a) Búa til verklag varðandi kennarafundi til að vinna úr upplýsingum eftir foreldraviðtöl, skimanir og próf. b) Taka saman upplýsingar um lesferil aftur í tímann og skoða, deila með foreldrum c) Að kennarar fái tækifæri til að sækja sér símenntunar varðandi: Árangur í skólastarfi	feb. 2021 b) feb. 2021 c) ekki enn fundist hentugt námskeið en þetta er enn á áætlun	a) nóv. 2024 b) nóv. 2024 c) opið	Skólastjóri og kennarar	Jafnhliða skólanámskrá á tveggja ára fresti. Næst haust 2025 með endurskoðaðri skólanámskrá í kjölfar nýrrar aðalnámskrár. b). Árlega.

Leita leiða til að auka val nemenda á unglingastigi.	a) Þjóða upp á rafræn námskeið og/eða fjarnám í framhaldsskóla þegar við á. (einn nemandi í framhaldsskólaáfangi). b. Áhugasviðsval, sjálfstæð verkefni nemenda undir handleiðslu kennara í GD „sóló“. c.Þjóða upp á starfsnám í samvinnu við stofnanir og félagasamtök í samfélaginu t.d. björgunarsveit og rauðakrossdeild. d) Samstarf við Grunnskólann á Hólmavík um að samnýta valáfanga þar. Þetta hófst haustið 2023 og er í gildi síðan. e) Valgreinaskólinn, Ásgarður – skóli í skýjunum. Þetta er valkostur sem er í boði. Ekki nýtt síðan skólaárið 2022-23. Einn nemandi á unglingastigi.	a.15. nóv 2020 b. 2020 c.frá 2025 d.haust 2022 e. haust 2022	a.Í gildi b.Í gildi c.2026 d. Í gildi e. Í gildi	a.Skólastjóri og kennarar b.skólastjóri og kennarar c.skólastjóri og kennarar d. skólastjóri e. skólastjóri	a - e Endurskoðað á hverju hausti með tilliti til stöðu og áhuga nemenda. Einungis einn nemandi verið á unglingastigi sl. 2 ár
Sjá til þess að allir verktakar og aðrir sem vinna tímabundið í skólanum skrifi undir skjal um trúnað og þagnarskyldu	a.Endurskoða verkferla og hafa sérstaka möppu fyrir móttöku nýrra starfsmanna. b. Verktakar og tímabundið starfsfólk skrifar undir trúnaðar- og þagnarskyldu.	des. 2020	a og b. haust 2024	Skólastjóri	Þetta er alltaf í gildi

Endurskoða og tímasetja símenntunaráætlun miðað við stefnu skólans og starfsáætlun	Skrifa símenntunaráætlun skólans, sameiginlega daga á svæðinu, viðmið um fjölda námskeiða og símenntunar daga á ári Sameiginlegur símenntunardagur er nú haldinn með samstarfi skólanna á Drangsnesi, Hólmavík, Reykhólum og Búðardal að hausti. Einnig er sameiginlegur símenntunardagur á haustþingi Kennararsambands Vestfjarða. Báðir þessir dagar eru nú inn á starfsdögum skólans á skóladagatali. Ný símenntunaráætlun verður samin í kjölfar nýrrar skólustefnu og innleiðingar nýrrar aðalnámskrár grunnskóla haust 2025.	feb. 2021 2021 Haust 2025	maí 2021 vor 2023 Vor 2026	Skólastjóri Skólastjóri Skólastjóri	Vor 2024 Árlega Annað hvert ár. Næst vor 2028.
Setja fram skráð ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála.	Leitað hefur verið til skólaþjónustu Ásgarðs ehf. um skólaþjónustu eftir þörfum fyrir skólann. Um er að ræða kennsluráðgjafa, námsráðgjafa og fræðslustjóra. Allir starfsmenn hafa aðgang að þessari þjónustu. Ekki hefur verið gengið frá samningi en þessi aðili hefur þjónustað skólann síðan haust 2022. Enn hefur ekki verið fundin varanleg lausn á skólaskrifstofu fyrir skólana á Ströndum og Reykhólum.	feb. 2021	mars 2021 haust 2024	Skólastjóri Skólastjóri	á þriggja ára fresti

	Núverandi staða er að í slíkum málum yrði leitað til Ásgarðs og keypt ráðgjöf eftir því sem þurfa þætti.				Endurskoðað árlega og sérstaklega ef lausn á skólapjónustu finnst.
Stjórnandi fylgist reglubundið með kennslu og veiti endurgjöf	Í samtali við kennara, einu sinni á ári. 40 mín. í senn þar sem skólastjóri kemur inn í tíma með markmið og gefur endurgjöf (t.d. hve vel ath. Kennara deilist niður á nemendur /starfendarannsókn) Getur flokkast sem hluti af innra mati	vorönn, mars, 2021	vorönn 2021	Skólastjóri og kennarar	Á hverjum vetri Næst haust 2025
Samskipti við skólaráð, foreldrafélag og aðra aðila skólasamfélagsins eiga að vera markviss og skráð í skólanámskrá	Setja niður tímalínu, ramma til að fara eftir, Tímasetja fundi skólaráðs og fræðslunefndar, auk viðburða sem við á og setja í skólanámskrá. Inn á heimasíðu skólans um Mat á skólastarfi.	apríl. 2021	sept. 2021 des. 2022 haust. 2024	Skólastjóri	Árlega að hausti Næst haust 2023 Næst haust 2024 Næst haust 2025
Huga að því að starfsmenn geti fengið faglega handleiðslu	a) Fyrir yngri og reynslulitla kennara: Koma upp „mentor“ kerfi þar sem kennarar parast með kennara í öðrum skóla. Símenntun og endurgjöf frá skólastjóra á einnig að stuðla að þessu b) Fyrir reynda kennara er tilvalið að þeir fari á námskeið/ símenntun. Þurfum m.a. handleiðslu í því að setja mörk. c) Velja gestakennara með þetta að augnamiði og gefa honum þá meiri tíma	Feb. 2023	a) Frá hausti 2023 er nýútskrifaður kennari áfram í samstarfi og handleiðslu hjá leiðbeinanda sínum í starfsþjálfun. Vor 2025 var reyndari kennari mentor fyrir nýjan	Skólastjóri og kennarar	a.árlega að hausti b.skoða haust 2025 c. árlega að hausti

	með kennurum en hefur verið á síðustu árum.		kennara og fengu fastan tíma á töflu til samráðs. b) Leitast við að finna námskeið sem hentar. c) Var nýtt sl. vetur þar sem gestakennarar gátu deilt með kennurum leiðbeiningum um kennslu í leiklist og ritsmiðjum.		
--	---	--	--	--	--

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. Skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið II – Nám og kennsla</u>					
Skrá í áætlanir hvernig tilhögun og framkvæmd námsaðlögunar er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni.	a) Skrifa niður áætlun um það hvernig við viljum framkvæma námsaðlögun. Ný áætlun gerð í mars 2024. Á heimasíðu skólans undir Nám og kennsla. b. Eftir er að skrifa það fyrir hverja námsgrein fyrir sig og verður það gert með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá. c) Kennarar kynni sér samvinnunám, heimspekilega nálgun í námi ofl. námsaðferðir, t.d. með símenntun, námskeið og ráðstefnur t.d.: Menntakvika og Skólaþróun eru möguleikar í þessu samhengi	a) feb. 2021 b. haust 2025 c. feb. 2021	a. mars 2024 b. vor 2026 c. 2 af 3 kennurum fóru á endurmenntunarnámskeið til Aþenu um STEAM kennslu sem inniheldur fjölbreyttar námsaðferðir. Einn kennari hefur verið á námskeiði hjá Menntafléttunni um námsaðlögun ÍSAT nemenda í vetur 2023-2024. Annar kennari hefur kynnt sér heimspeki með börnum sem mun verða á stundarskrá 2025-2026. Allir kennarar skólans fara á UTÍS 2025.	Skólastjóri og kennarar	a. Á tveggja ára fresti. Næst haust 2026 b. Á tveggja ára fresti. c. Skoðað á hverju ári með tilliti til nýrrar símenntunaráætlunar sem verður gerð í haust með nýju fólki og nýrri aðalnámskrá.

Skrá viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni. Skólinn hefur tekið upp Mentor og vinna nú allir kennarar í því að skrifa námsáætlanir þar og tengja þar við hæfniviðmið. Í námsáætlunum eru skráð viðmið um árangur.	a) Endurskoða skólanámskrá með tilliti til þessa umbótaþáttar b) Komið inn í námsáætlanir og tengt við skólanámskrá. Skólinn tók upp Mentor námsumsjónarkerfi sem auðveldar alla vinnu við að tengja hæfnivið og lykilhæfni við námsgreinar.	a) sept. 2021	a) nóv. 2021 b) haust 2024 Þessi vinna hófst á haustdögum 2023 samfara því að Mentor var tekinn í notkun. Haust 2024 voru allar námsáætlanir komnar í mentor og samfella milli námskrár og Mentors.	Skólastjóri og kennarar	Fylgir skólanámskrá endurskoðað á fjögurra ára fresti. Næst 2024. b. Haust 2025 verða allar námsáætlanir gerðar með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá grunnskóla og eldri aðlagðar að henni.
Setja fram skráða stefnu um aðgerðir til að auka árangur nemenda og skjalfesta á formlegan hátt.	Setja stefnu og skrá inn í starfsáætlun.	sept. 2021	Ný stefna um aðgerðir til að auka árangur nemanda gerð í febrúar 2024	Skólastjóri og kennarar	Árlega. Næst haust 2025
Kenna nemendum að setja sér námsmarkmið Skólinn hefur unnið með að nemendur setji sér námsmarkmið sjálfir. Þetta er gert innan sumra	a. sóló-áhugasviðsval er dæmi um slíkt. b. Nemendur setja sér námsmarkmið í ákveðnum fögum s.s. ensku, íslensku og stærðfræði. Einnig hluti af ákveðnum þáttum í þemaverkefnum	a) feb. 2021 b) jan. 2023	a) maí 2021 b) vor 2024	Skólastjóri og kennarar	a. og b. Í byrjun hvernar annar í samráði við umsjónarkennara. c. skoðað á hverjum tíma hver þörfin er og hvort við höfum áfram aðgang að þessu fagfólki. Tryggður aðgangur að náms- og starfsráðgjafa frá FMVF frá 2023.

námsgreina en ekki allra og í samráði við umsjónarkennara.	c) Tryggja aðgang að náms- og starfsráðgjafa. Höfum haft aðgang að náms- og starfsráðgjafa hjá Ásgarði, skóla í skýjunum og einnig hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða	c) 2021	c) 2023		Áætlað að fá starfs- og námsráðgjafa í heimsókn á þessu skólaári fyrir elsta stig. (nú 3 nemendur þar).
Tengja námsmat markmiðum náms og hæfniviðmiðum og upplýsa nemendur	a) Gera námsmatsstefnu samhliða nýrri skólastefnu. b) Hausti 2024 voru allar námsáætlanir tengdar hæfnimarkmiðum Aðalnámskrár og nemendur höfðu aðgang að því í gegnum Mentor námsumsjónarkerfið.	a.haust 2025 b) haust 2023	a.vor 2025 b. haust 2024	Skólastjóri og kennarar	Skoðað annað hvert ár. Næst haust 2025
Gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda, verkefna og viðmiða um árangur	Þetta er samofið námsáætlunum og tengingu hæfniviðmiða í Mentor. Nemendur betur upplýstir um markmið kennslustunda, verkefni og viðmið um árangur í hverri kennslustund.	maí 2021	Haust 2024	Skólastjóri og kennarar	Er alltaf í gildi. Taka fyrir og kynna í byrjun hvers verkefnis, lotu, þema eða stakra kennslustunda ef það á við.
Einkunnagjöf á að vera í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla	Hausti 2024 voru allar námsáætlanir tengdar hæfnimarkmiðum Aðalnámskrár og nemendur höfðu aðgang að því í gegnum Mentor námsumsjónarkerfið. Einkunnagjöf var einnig samræmd við Aðalnámskrá.	sept.2023	haust 2024	Skólastjóri og kennarar	b.Árlega. Endurskoðað með nýrri aðalnámskrá hausti 2025
Gefa nemendum tækifæri til að vinna að fjölbreyttari	a) Halda áfram að vera með einstaklingsmiðað nám. Kennsluaðferðir	a) maí 2021		Skólastjóri og kennarar	

námsaðferðum sem stuðla að frumkvæði og ábyrgð þeirra	voru einhæfar þessa tvo daga sem Ytra mat átti sér stað. En við höldum áfram að vera meðvitaðar um þetta. Spurning um að skrá betur verkfæri okkar í þessu sambandi? Val í námi, rödd nemenda, sjálfstæð verkefni, starfsnám. Tryggja að kennarar hafi tækifæri til símenntunar sem leggur áherslu á fjölbreyttar námsaðferðir. Tryggja að skólastjóri hafi eftirlit og stuðning með kennslu árlega. Áfram verður áhersla á einstaklingsmiðað nám b) Á skólaþingi í september og maí var leitað eftir óskum og löngunum nemenda Fyrir næsta skólaár 2024-2025 óska nemendur eftir fleiri vettvangsferðum, verkefnum um nærsamfélagið og samtal við íbúa og fólk á staðnum. Nemendur óska einnig eftir meiri útikennslu sem verður fest á stundartöflu næsta vetur. Kennarar hafa farið á námskeið um STEAM kennslu sem býður upp á fjölda nýrra kennsluaðferða. Leitast verður við að skrifa fjölbreytta kennsluhætti inn í námsáætlanir. Þjóðum áfram upp á Sóló sjálfvalin verkefni og áherslu á einstaklingsmiðað nám.	b) sept 2023	b) maí 2025	b) skólastjóri & kennarar	b) Árleg endurskoðun. Árlegir fundir með nemendum haust og vor.
---	---	--------------	-------------	---------------------------	---

Auka samvinnu og samstarf nemenda í námi eins og kostur er.	Samvinna milli yngri og eldri nemenda verður í smiðjum sem eru festar í stundarskrá 6 kst á viku. Árshátíðarsmiðja býður upp á ennfrekari samvinnu þvert á aldur. Einn nemandi er með danskennslu sem valgrein hjá sér og kennir samnemendum og yngri nemendum. Í nokkrum tilvikum er stofnað til samvinnu milli einstaklinga í sitt hvorri bekkjardeildinni þegar það þykir henta.	haust 2023	vor 2024	Skólastjóri og kennarar	Endurskoðað í byrjun hvernar annar
Námsaðstæður innihaldi markvissar umræður og skoðanaskipti.	a) Skrifa inn í námsáætlanir m.t.t. fjölbreyttra kennsluhátta og hæfniviðmiða um lýðræðisþátttöku og rökræða. b) Bekkjarfundir 1x í viku sem eru sérstaklega fyrir skoðanaskipti og lýðræðislegar umræður	a) haust 2023 b) haust 2023	a) vor 2024 b) haust 2023	a) Skólastjóri og kennarar b) umsjónarkennarar	a) árlega að hausti b) árlega að hausti

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ³	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið III -Innra mat</u>					
Skipa teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila við innra mat skólans	Innra-mats teymi er nú samsett úr aðilum úr skólanum og skólaráði. Vegna fámennis í sveitarfélaginu er erfitt að finna fólk í mörg hlutverk. Skólaráð samþykkti sl. Haust 2023 að gegna einnig hlutverki innra-mats teymi. Þessi hópur mun funda að hausti og vori til að sinna innramati. Í skólaráði/innramats teymi eru: Skólastjóri, kennarar, fulltrúi grenndarsamfélags, foreldra og nemenda. Þetta fyrirkomulag gekk mjög vel fyrri veturinn en ekki jafn vel þann seinni og þarf að forma betur verkefni og fundaáætlun teymisins skólaráð/innra mats teymi.	jan. 2023		Skólastjóri og kennarar	Þetta fyrirkomulag skal endurskoða í byrjun hvers skólaárs. Stefnt er að því að takmarka verkefni þessa teymis sem nú þegar sinnir verkefnum skólaráðs, gera þau markvissari og afmarkaðri.
Vinna innra mats áætlanir til skemmri og lengri tíma þar sem fram koma markmið, leiðir að	a.Búið að gera innra mats áætlun fyrir næsta vetur. Sjá heimasíðu: Mat á skólastarfi.	a.haust 2023	a.Vor 2025	a.Skólastjóri	a.Árlega

³ Skólar gætu einnig viljað leggja áherslu á að þróa og viðhalda styrkleikum.

markmiðum, viðmið, tímasetningar, ábyrgðaraðilar og þátttakendur	b.Ekki er búið að gera 3ja ára áætlun innra mats teymis.	b.vor 2025	b. haust 2025	b. skólastjóri	b.Á þriggja ára fresti
Vinna umbótaáætlun innra mats þar sem fram koma tímasetningar, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta skal umbætur.	a. Mótun innra mats teymis sem hluta af skólaráði hefur ekki fyllilega verið fylgt eftir. Nú er búið að setja fram ítarlega áætlun um hvað teymið og skólaráðið gera á næsta skólaári. Í kjölfar þess verður sett fram umbótaáætlun eftir matsfund í vorið 2026 þar sem farið verður yfir áætlunina og hún rýnd með tilliti til hvernig til tókst. Vinna umbótaáætlun innra mats þar sem fram koma tímasetningar, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta skal umbætur	a. vor 2026	a.vor 2026	a.Skólastjóri / Innra-matsteymi	a.Árlega
Kynna formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum innra mat skólans	Skólastjóri kynnir innra mat skólans fyrir hagsmunaaðilum, nemendum, foreldrum, skólaráði og fræðslunefnd. Þetta hefur verið gert, allar líðankannanir, námsmat, niðurstöður af nemendapíngum og	ágúst 2021	maí 2024	Skólastjóri	Árlega.

	foreldrakannanir hafa verið kynntar hagsmunaaðilum.				
Meta markvisst og reglulega stefnu skólans, markmið og viðfangsefni	a) Kennarar meta á fundi að hausti og endurskoða saman starfsáætlun. Starfsáætlun er endurmetin og uppfærð árlega af skólastjóra, á hausti hverju og lögð fram til samþykkis í fræðslunefnd og skólaráði. b) Gera skólastefnu fyrir Grunn- og leikskóla í Kaldrananeshreppi	a) ágúst. 2021 b) vor/haust 2024	a) ágúst 2021 b) vor 2026	a) Skólastjóri og kennarar b) Fræðslunefnd, sveitarstjórn og verkefnisstjórn um skólastefnu	a) Árlega að hausti b) Endurskoða á 4 ára fresti eftir gildistöku.